



**Gátlisti**  
**Upplýsingagjöf vegna umsóknar um skráningu sem lánamiðlari (lögaðili),**  
**sbr. XIV. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda**

Nr.	Lagatilvísun	Efni
	<b>47. gr.</b>	<b>Umsókn einstaklings sem hyggst starfa sem lánamiðlari í eigin nafni skal vera skrifleg og ítarleg og undirrituð af hlutaðeigandi. Umsókninni skulu fylgja:</b>
<b>1.</b>	<b>3. mgr. 48. gr.</b>	<b>Upplýsingar um rekstrarform</b>
1.1		Vottorð félags frá fyrirtækjaskrá RSK.
1.2		Núverandi samþykktir félags og drög að samþykktum verði félagið skráð sem lánamiðlari.
<b>2.</b>	<b>1. og 3. tl. 1. mgr. 47. gr.</b>	<b>Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og eigendur</b>
2.1		Eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn: - <u>Spurningalisti vegna mats á hæfi</u> Ef breytingar verða á högum stjórnarmanna og varðað geta hæfi viðkomandi sem stjórnarmanns hjá fyrirtækinu skal Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) upplýst um slíkar breytingar.
2.2		Eftirfarandi upplýsingar um framkvæmdastjóra: - <u>Spurningalisti vegna mats á hæfi</u> Ef breytingar verða á högum framkvæmdastjóra og varðað geta hæfi viðkomandi skal Fjármálaeftirlitið upplýst um slíkar breytingar.
2.3		Nöfn, kennitölur og stærð hlutar hluthafa félags (hluthafaskrá).
2.3	Sjá einnig 13. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018.	Nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda félags, ef við á.
<b>3.</b>	<b>2. tl. 1. mgr. 47. gr.</b>	<b>Starfsábyrgðartrygging</b>
3.1	2. mgr. 47. gr. og V. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda	Staðfesting frá váttryggingafélagi um starfsábyrgðartryggingu.

4.	II. og III. kafli	Upplýsingar um starfsskipulag og starfsemi
4.1		Ítarleg umfjöllun um starfsskipulag, þ.m.t. lýsingu á ferli við lánamiðlun, samskiptum við lánveitendur, framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats, upplýsingakerfum og varðveitingu gagna. Þá er óskað upplýsinga um afgreiðslustaði og fjölda starfsmanna.
4.2	48. gr.	Upplýsingar um hvort félag hyggst starfa sem samningsbundinn eða ósamningsbundinn lánamiðlari. Ef félag hyggst vera samningsbundinn lánamiðlari, er óskað upplýsinga um hlutaðeigandi lánveitanda.
4.3	IX. kafli	Upplýsingar um hvort félag hyggst veita lánaráðgjöf samhliða lánamiðlun.
4.4	9. gr. og og III. kafli reglugerðar nr. 270/2017 um fasteignalán til neytenda	Upplýsingar um það að starfsmenn félags fullnægi kröfum um þekkingu og hæfni, t.d. ferilskrár þeirra.
4.5	6. gr.	Upplýsingar um starfskjör starfsmanna félags, þ.e. hvort þau hafi áhrif á hæfi þeirra að starfa í samræmi við góða viðskiptahætti.
4.6		Ársreikningar síðustu þriggja rekstrarára. Ef félag hefur ekki verið í rekstri áður skal skila inn stofnefnahagsreikningi.
4.7		Viðskipta- og rekstraráætlun fyrir a.m.k. næsta rekstrarár ásamt greinargerð, þar sem m.a. koma fram forsendur um fyrirhugaðan vöxt, uppbyggingu, starfsmannafjölda og aðrar upplýsingar varðandi áætlunina.
5.	Aðrar viðeigandi upplýsingar	
5.1		Netfang til móttöku dreifibréfa frá Fjármálaeftirlitinu (óháð einstökum starfsmönnum félags).
5.2		Nafn, sími og netfang ábyrgðarmanns umsóknar um skráningu.
6.	Lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka	Lánamiðlarar falla undir lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. laganna. Með hliðsjón af framangreindu skulu umsókn einnig fylgja eftirfarandi upplýsingar sem snúa að fylgni við lög nr. 140/2018:
6.1	1. mgr. 5. gr.	Skriflegt áhættumat sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í rekstri og viðskiptum.
6.2	4.-6. mgr. 5. gr.	Skjalfest stefna, upplýsingar um stýringar og verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjalla m.a. um: <ul style="list-style-type: none"> <li>a. Aðferðir við mildun áhættu og framkvæmd og tegundir áreiðanleikakönnunar með hliðsjón af fyrirliggjandi áhættumati</li> <li>b. Reglubundið eftirlit, s.s. hvaða eftirlitskerfi og/eða aðferðir og ferlar eru notaðir.</li> </ul>

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

		<p>c. Könnun á hæfi starfsmanna.</p> <p>d. Innra eftirlit og tilnefningu ábyrgðarmanns auk upplýsinga um skyldur og hlutverk hans.</p> <p>e. Rannsókn á grunsamlegum viðskiptum þar sem m.a. er fjallað um skylduna til að rannsaka grunsamleg viðskipti, rauð flögg og váþætti sem ber að þekkja í starfseminni, viðmið og aðferðir sem beita skal við rannsókn og skriflega skýrslugerð um rannsókn.</p> <p>f. Tilkynningar um grunsamleg viðskipti þar sem m.a. er fjallað um skylduna til að tilkynna grun til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, form og efni tilkynninga, trúnaðar- og þagnarskyldu o.fl.</p>
6.3	III. kafli	Spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar.
6.4	33. gr.	Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun.
6.5	b-liður 5. mgr. 5. gr.	Upplýsingar um sjálfstæðan úttektaraðila til að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð.
6.6	1. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2019 um frystingu fjármuna o.fl.	Upplýsingar um viðeigandi eftirlitskerfi til að meta hvort viðskiptamenn eru á listum yfir þvingunaraðgerðir.